



HHER2FBO3A

Herraklipping 1

Kennsluáætlun – vorönn 2024

Fjölbrautaskóli Suðurlands

**Kennari áfangans: E Arna Árnadóttir**

[earnaarna@fsu.is](mailto:earnaarna@fsu.is)

**Áfangalýsing:** Nemandinn fær þjálfun í herraklippingum á æfingarhöfði og módeli. Lögð er áhersla á form-, tísku- og snöggar herraklippingar og notkun hármótunarefna. Unnið er með klippivélum með mismunandi kömbum, þjálfuð færni í að eyða út hnakkalínu með greiðu og skærum og farið í þynningu með skærum og hníf. Verkefni eru unnin á æfingarhöfði og módelum.

**Markmið áfangans:**

**Þekking:** Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- ýmsum hugtökum sem tengjast klippingum.
- mismunandi formum í herraklippingum.
- notkun hármótunarvara.

**Leikni:** Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- klippa snöggt með vél og skærum.
- þynna hár með hníf og þynningarskærum.
- klippa formklippingu á æfingarhöfði og módeli út frá verklýsingu.
- klippa herraklippingu (enskt form) samkvæmt verklýsingu á æfingarhöfði og módeli.
- klippa módel samkvæmt óskum þess og gera verklýsingu fyrir verkið.

- **Hæfni :** Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:
  - beita greiðum, skærum, þynningarskærum, hnífum og klippivél með skiptanlegum kömbum.
  - klippa módel samkvæmt óskum þess.
  - klippa snögga herraklippingu sem þynnist niður í hnakka.
  - klippa formklippingu.
  - vinna út frá verklýsingu.
  - ganga vel um vinnusvæði, gæta öryggis og hreinlætis.

Námsmat

Símat